

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 8. september 2011.

Mættir voru:

Ásdís, Erla Rán, Vaka, Sigríður og Ágúst skólastjóri.

Aðalfundur

Farið yfir dagskrá aðalfundar sem haldinn verður mánudaginn 12. september.

1. Fundastjóri og fundaritari kosinn. Tillögur um að Ágúst skólastjóri verði fundarstjóri og ritari Erla Rán.

2. Venjuleg aðalfundarstörf

Kjör fulltrúa foreldra í stjórn foreldrafélags. Lög segja til um að fulltrúar skulu verða kjörnir til tveggja ára í senn en kosið á hverju ári, annað árið um tvo og hitt árið um þrjá. Allir núverandi stjórnarmenn ætla að bjóða sig fram. Ákveðið að fjölga í foreldrafélaginu og gera lagabreytingu. Tillaga um lagabreyting á grein nr. 5.

Stjórn félagsins skipa 5 foreldrar/forráðamenn,...

breyta því í:

Stjórn félagsins skipa í það minnsta 5 foreldrar/forráðamenn.

Með þessum breytingum viljum við gera foreldrafélagið virkara og fá inn foreldra frá fleiri árgöngum.

Ársskýrsla

Vaka formaður sér um ársskýrsluna.

Ársreikningar

Inga fer yfir ársreikninga og kjósa þarf 2 skoðunarmenn reikninga. Tv

Tilnefning bekkjarfulltrúa

Tillaga um að skipta hverjum árgangi niður í 3 hópa og svo verður dreginn einn hópstjóri í hverjum hóp sem á að húa saman aðra foreldra í hópnum og þeir skipuleggja saman viðburð fyrir sinn árgang.

4. Foreldrasáttmáli/samfélag foreldra

Ágúst skólastjóri ætlar að kynna foreldrasáttmála Heimilis og skóla og viðra hugmyndir sína um námssamfélag/foreldrasamfélag þar sem foreldrar geta hist og rætt mál sín á milli.

Hugmynd um að halda litla fræðslufundi þar sm sérfræðingur kemur og heldur lítið erindi og á eftir geta foreldra rætt sín á milli og miðlað málum.

5. Hópavinna

Foreldrar ræða saman í hópum:

1. Hvað vilja þeir sjá á fræðslu/umræðu kvöldum

2. Hugmyndir að föstum viðburðum í 9. bekk

3. Hvað hefur tekist vel í Naustaskóla og hvað viljum við sjá batna

Foreldrar skrá niður og foreldrafélagið sér svo um að safna saman og vinna úr punktunum og koma þeim til skólastjórnenda.

Peningar

Rætt um hvað foreldrafélagið getur gert við peningana sem þeir eiga. Nú þegar styrkir foreldrafélagið 4. bekk í Kiðagil og 6. bekk í gistinótt þegar 7. bekkur fer að Reykjum. Hugmynd um að styrkja 9. bekk til að gera eitthvað skemmtilegt eins og t.d. elda saman eða eitthvað álíka. 9. bekkur gæti verið með þema sem endaði á einhverju sem foreldrafélagið gæti styrkt.